



HRUNAMANNAHREPPUR

51. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 11. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 4. NÓVEMBER 2009
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2009, þann 4. nóvember kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Eva Marín Hlynisdóttir sem varamaður Sigurðar Inga Jóhannssonar, Ísólfr Gylfi Pálmason sem skráði fundargerð og Ragnar Magnússon, oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að fá að leggja fram fundargerð veitustjórnar frá s.l. mánudegi en gert er ráð fyrir henni í auglýstri dagskrá. Framlagningin var samþykkt.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Framlenging leigusamnings Fannborgar í Kerlingafjöllum og önnur mál er tengjast Kerlingafjöllum m.a. skýli við Kisubotna.
2. Skipulagsstofnun: Deiliskipulag í landi Garðs og Hvamms lóðir undir ferðaþjónustu í Hrunamannahreppi.
3. Framlenging lánsamninga Hrunamannahrepps við Kaupping.
4. Markaðsstofa Suðurlands: Þátttaka Hrunamannahrepps.
5. Samband garðyrkjubænda: Eftirfylgni fundar v. þjófnaðar.
6. Sundlaugin Flúðum: Gestafjöldi og tillaga að vetraropnunartíma.
7. Tillaga að gjaldskrá fyrir búfjáreftirlit í Hrunamannahreppi.
8. Þjónustusamningur milli Hrunamannahrepps og Flúðaverktaka vegna snjósmoksturs, salt og saltdreifingu.
9. Staðfesting á Aðalskipulagsbreytingum:

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps:

1. 35. fundur Veitustjórnar frá 2. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

1. 17. fundur Skipulags- og byggingarnefndar 28. okt. s.l. (Afgreiðslur byggingarfulltrúa – afgreiðslufundar 33. og 34. fundar)
2. 116. fundur félagsmálanefndar frá 6. október. s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 427. fundur stjórnar frá 25. september s.l.
- b. SASS: 428. fundur stjórnar frá 14. október s.l.
- c. SASS: v. 40. aðalfundar frá 15. og 16. október s.l.–
- d. Skólaskrifstofa Suðurlands: 117. stjórnarfundur frá 14. okt. s.l.
- e. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 121. fundur stjórnar frá 24. september s.l.
- f. Sorpstöð Suðurlands: 177. stjórnarfundur frá 25. september s.l.
- g. Sorpstöð Suðurlands – Lex Lögmannsstofa v. stjórnsýslukæru Íslenska Gámafélagsins.
- h. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Rekstraráætlun og forsendur 2010
- i. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð nr. 151 frá 12. okt. s.l.

Aðrar upplýsingar:

- a. Brunabót: Ágóðahlutagreiðsla 2009.
- b. Sambandið: Jónsmessunefnd fundur frá 23. sept. s.l.
- c. Sambandið: 2. fundur Samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál frá 22. september s.l.
- d. Sambandið: 3. fundur Samráðsnefndar frá 16. október s.l.
- e. FOSS: Úr réttindum trúnaðarmanna.
- f. FOSS: Frá fundi stjórnar og trúnaðarmanna frá 5. okt. s.l.
- g. FOSS: Tilkygning um trúnaðarmenn: Hönnu Björk Grétarsdóttur og Ann-Lisette Winter.
- h. Menntamálaráðuneytið: Íslenska og notendaviðmót.

- i. Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyti: Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar jarða- og ábúðarlaga.
- j. Vinnueftirlitið: Áhættumat fyrir alla (Áhættumat í stofnunum Hrunamannahrepps).
- k. Kennarasamband Suðurlands: Kennaraping 2010
- l. Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda bréf frá 1. okt. s.l.
- m. Snorraverkefni: Bréf frá 16. október s.l.

Fundir framundan:

- 1. Ársfundur Umhverfisstofnunar 6. nóvember n.k.
-

Skýrslur liggja frammi á skrifstofu:

- 1. Umhverfisráðuneyti: Umhverfi og auðlindir
- 2. Skref fyrir skref: Umhverfisráðuneyti-Landvernd, Vistvernd í verki.
- 3. Ungt fólk 2009 – niðurstöður rannsókna 5 – 10 bekkjar.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

- 1. **Framlenging leigusamnings Fannborgar í Kerlingafjöllum og önnur mál er tengjast Kerlingafjöllum.** a. Oddviti kynnti óundirrituð drög að leigusamning milli Fannborgar og Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að gera eftirfarandi tillögur að breytingu á samningnum: A). Að leigurétturinn nái einungis til útivistar og ferðaþjónustu – öll önnur not eru í höndum Hrunamannahrepps. B). Sérstök leigugreiðsla innheimtist að kr. 100.000 og miðast hún við byggingarvísitölu í nóvember 2009. C). Gerð er tillaga að því að framlengingaákvæði samningsins breytist úr 10 árum í 5 ár. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að gerð samningsins m.t.t. þeirrar umræðu sem fram fór á fundinum m.a. um gildi eldri samninga. b. **Kisubotnar:** Lögð fram beiðni Páls Gíslasonar dagsett 24. september 2009 um stöðuleyfi til þriggja ára fyrir 18.5 m² hús í Kisubotnum á Hrunamannafrétti. Fram kemur að hugmyndin er að innrétta og endurnýja notaðan bensínskúr og nýta sem gistiskýli fyrir gönguhópa. Meðfylgjandi eru hugmyndir að staðsetningu hússins sett á ljósmynd. Umrætt svæði er ekki skilgreint sem skálasvæði í gildandi Svæðisskipulagi Miðhálandisins og því þyrfti að óska eftir breytingum á því ef fara ætti í framkvæmdir við nýjan skála á svæðinu. Þá er svæðið innan Þjóðlendu og er því ákveðin óvissa um stefnumörkun. Hreppsnefnd samþykkir stöðuleyfi til eins árs í tilraunaskyni en telur að nú á tímum þurfi að gera meiri kröfur til nýrra mannvirkja en gert er ráð fyrir í erindinu og kappkostað sé að mannvirkið falli sem best að umhverfinu og sem minnst rask verði á náttúrunni. Staðsetning skálans verði ákveðin í samráði við skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu. c. Mæðuveikivarnargirðing á Hrunamannafrétti: Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að kanna málið áður en erindi er svarað.
- 2. **Skipulagsstofnun: Deiliskipulag í landi Garðs og Hvamms lóðir undir ferðaþjónustu í Hrunamannahreppi.** Oddviti kynnti bréf frá skipulagsstofnun varðandi deiliskipulagið og felur sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa að svara erindinu.
- 3. **Framlenging lánssamninga Hrunamannahrepps við Kaupþing.** Oddviti lagði fram og kynnti framlengingu lánssamninga Kaupþings og Hrunamannahrepps á lánssamningum 325-74-063350 og 325-35-001714 en áður hafði oddviti og sveitarstjóra verið falið að ganga frá samningunum.
- 4. **Markaðsstofa Suðurlands: Þátttaka Hrunamannahrepps.** Oddviti kynnti bréf þar sem óskað er eftir þátttöku Hrunamannahrepps í Markaðsstofu Suðurlands. Hreppsnefnd samþykkir að taka þátt í verkefninu til eins árs í tilraunaskyni og endurskoða síðar afstöðu til verkefnisins með tilliti til árangurs.
- 5. **Samband garðyrkjubænda: Eftirfylgni fundar v. þjófnaðar.** Oddviti kynnti minnisblað frá fundi sem garðyrkjubændur boðuðu til í

október þar sem m.a. sveitarstjóri Hrunamannahrepps mætti fyrir hönd hreppsnefndar. Lagt fram til kynningar.

6. **Sundlaugin Flúðum: Gestafjöldi og tillaga að vetraropnunartíma.** Oddviti kynnti samantekt á gestafjölda í Sundlauginna á Flúðum s.l. fimm vikur þar sem tekið er saman á hvaða tíma gestir koma o.s.frv. Í framhaldi af því kynnti oddviti tillögu um vetraropnun sundlaugar. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
7. **Tillaga að gjaldskrá fyrir búfjárefntilrit í Hrunamannahreppi.** Oddviti lagði fram tillögu um gjaldskrá fyrir búfjárefntilrit í hreppnum. Hreppsnefnd samþykkir gjaldskrána.
8. **Þjónustusamningur milli Hrunamannahrepps og Flúðaverktaka vegna snjómoksturs, salt og saltdreifingu.** Oddviti kynnti samning um snjómokstur við Flúðaverktaka sem sveitarstjóri hefur skrifað undir f.h. Hrunamannahrepps. Samningurinn er samskonar og áður gerður samningur við Plast Suðu ehf. Lagt fram til kynningar.
9. **Staðfesting á Aðalskipulagsbreytingum:** a). Oddviti lagði fram að lokinni auglýsingu tillögu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 í landi Högnastaða. Í tillögunni felst að á svæði fyrir frístundabyggð í landi Högnastaða, er merkt F25, er gert ráð fyrir að þéttleiki byggðar aukist þannig að heimilt verði að gera ráð fyrir allt að 30 frístundahúsalóðum í stað 10-15 skv. gildandi aðalskipulagi. Tillagan var auglýst 16. júlí 2009 með athugasemdafresti til 27 ágúst. Engar athugasemdir bárust. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga. b). Oddviti lagði fram að lokinni auglýsingu tillögu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 í landi Grafar innan þéttbýlis á Flúðum, svæðið er merkt A13, er gert ráð fyrir að landnotkun breytist úr því að vera íbúðasvæði í blandaða byggð íbúðar- og þjónustusvæðis. Þá er einnig gert ráð fyrir að afmörkun svæðisins færist nær Litlu Laxár og stækki þannig úr 5,6 ha í 6,4 ha. Tillagan var auglýst 16. júlí 2009 með athugasemdafresti til 27 ágúst. Engar athugasemdir bárust. Hreppsnefnd staðfestir breytingarnar. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps:

1. 35. fundur Veitustjórnar frá 2. nóvember s.l.: Oddviti kynnti fundargerðina. Þar er fjallað m.a. um fjarálestrarbúnað Frumherja, Átaksveitu, vatnsveitu og vatnsnotkun í sumar, umræða um gjaldskrá og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

1. 17. fundur Skipulags- og byggingarnefndar 28. okt. s.l. (Afgreiðslur byggingarfulltrúa 33. og 34. afgreiðslufundir) Oddviti kynnti og lagði fram fundargerð fundar Skipulags og byggingarnefndar frá 28. okt. sl. Þar voru lögð fram lóðablöð fyrir Suðurbrún 1,3,5,6,7,10,12a og Laugarland á Flúðum. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að fela lögfræðingi sveitarfélagsins að fara yfir gögnin áður en hreppsnefnd getur staðfest þau. Einnig er í fundargerðinni lögð fram til kynningar tillaga að staðsetningu nýrrar tjarnar og sumarbústaðalóða í landi Hverabakka II og breytingar á deiliskipulagi á lögbýlinu Silfurmýri í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina að öðru leyti en hvað varðar skiptinguna á Laugalandstorfundi.
2. 116. fundur félagsmálanefndar frá 6. október. s.l. Oddviti kynnti fundargerð 116. fundar félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 427. fundur stjórnar frá 25. september s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- b. SASS: 428. fundur stjórnar frá 14. október s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- c. SASS: v. 40. aðalfundar frá 15. og 16. október s.l.— Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps óskar eftir að dagskrá ársþings / aðalfundar SASS verði

þannig sett upp að venjulegum aðalfundarstörfum verði lokið áður en kemur að fræðsluerindum.

- d. **Skólaskrifstofa Suðurlands: 117. stjórnarfundur frá 14.okt. s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- e. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 121. fundur stjórnar frá 24. september s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- f. **Sorpstöð Suðurlands: 177. stjórnarfundur frá 25. september s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- g. **Sorpstöð Suðurlands – Lex Lögmannsstofa v. stjórnarsýslukæru Íslenska Gámafélagsins.** Oddviti kynnti málið.
- h. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Rekstraráætlun og forsendur 2010** Oddviti kynnti rekstraráætlunina. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.
- i. **Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð nr. 151 frá 12. okt. s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.

Aðrar upplýsingar:

- a. **Brunabót: Ágóðahlutagreiðsla 2009 að upphæð kr. 1.863.000:** Lagt fram til kynningar.
- b. **Sambandið: Jónsmessunefnd fundur frá 23. sept. s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Sambandið: 2. fundur Samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál frá 22. september s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Sambandið: 3. fundur Samráðsnefndar frá 16. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **FOSS: Úr réttindum trúnaðarmanna.** Lagt fram til kynningar.
- f. **FOSS: Frá fundi stjórnar og trúnaðarmanna frá 5. okt. s.l.** Lagt fram til kynningar.
- g. **FOSS: Tilkynning um trúnaðarmenn: Hönnu Björk Grétarsdóttur og Ann-Lisette Winter.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Menntamálaráðuneytið: Íslenska og notendaviðmót.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyti: Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar jarða- og ábúðarlaga.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Vinnueftirlitið: Áhættumat fyrir alla (Áhættumat í stofnunum Hrunamannahrepps).** Lagt fram til kynningar.
- k. **Kennarasamband Suðurlands: Kennaraping 2010** Lagt fram til kynningar.
- l. **Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda bréf frá 1. okt. s.l.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Snorraverkefni: Bréf frá 16. október s.l.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 16.20